



RÍKISENDURSKOÐUN

Bréfartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
«Nafn»	22. október 2013	13010292
«Heimili»		7.00
«stadur»		LÖ/bb

Efni Dreifibréf til stjórnálasamtaka sem buðu fram í alþingiskosningum 2013.

Í tilefni af alþingiskosningum í lok apríl sl. vill Ríkisendurskoðun minna þau stjórnálasamtök, sem buðu fram í þeim kosningum, á ákvæði laga um fjármál stjórnálasamtaka og upplýsingaskyldu þeirra nr. 162/2006.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. nefndra laga skulu stjórnálasamtök m.a. halda samstæðureikning fyrir allar einingar, sem undir þau falla, svo sem sérsambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir. Þó er heimilt að halda þeim flokkseiningum, sem hafa lægri heildartekjur en 400 þús. kr. á ári, utan samstæðureikningsskilanna. Við gerð ársreikninganna skal farið að efnisreglum laga um ársreikninga eftir því sem við á.

Þá ber Ríkisendurskoðun samkvæmt sömu grein að gefa út leiðbeiningar um reikningshald stjórnálasamtaka, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna. Í leiðbeiningunum, sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar <http://www.rikisendurskodun.is/radad-eftir-kosningum/bref-leidbeiningar-og-synishorn.html> er m.a. mælt fyrir um lágmarkssundurliðun á útgjöldum. Sérstök athygli er vakin á að framvegis er gerð krafa um að útgjöld stjórnálasamtaka, sem með beinum hætti tengjast kosningum til Alþingis og kosningum til sveitarstjórnar, séu sérgreind í ársreikningi hverju sinni, sbr. 1. mgr. 15. gr. leiðbeininganna. Að auki er gerð krafa um að í skýringum sé gerð grein fyrir hvernig þessi kostnaður skiptist, svo sem í laun, auglýsingar, kynningar, ferðakostnað, aðkeypta þjónustu og annan kostnað vegna kosninga, sbr. 2. mgr. 15. gr. Vegna alþingiskosninga sl. vor verða stjórnálasamtök því tímanlega að bregðast við þessum auknu kröfum við færslu bókhalds vegna líðandi rekstrarárs, sundurliði þau ekki útgjöld sín nú þegar með framangreindum hætti. Þess má geta að ákvæði leiðbeininganna um sérgreiningu kostnaðar vegna kosninga eiga m.a. rætur að rekja til ábendinga í skýrslu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) um framkvæmd alþingiskosninganna sl. vor (sjá *Iceland. Parliamentary Elections 27. April 2013. OSCE/ODIHR Election Assessment Mission Final Report. Warsaw, June 2013, bls. 2, 12 og 20*).

Hafi fleiri en ein stjórnálasamtök staðið sameiginlega að framboði í tilteknu kjördæmi skal gera og skila sérstökum reikningsskilum fyrir framboðið.

Að öðru leyti er vísað til leiðbeininga um reikningshald stjórnálasamtaka dags. 14. október 2013, sem taka þegar gildi og gilda í fyrsta sinn um ársreikninga stjórnálasamtaka fyrir árið 2013.

Listi	Nafn	Heimili	stadur
A-listi	Björt framtíð	Austurstræti 8-10	101 Reykjavík
B-listi	Framsóknarflokkurinn,	Hverfisgötu 33	101 Reykjavík
D-listi	Sjálfstæðisflokkurinn	Pósthólf 5296	125 Reykjavík
G-listi	Hægri grænna, flokkur fólksins	Nóatúni 17	105 Reykjavík
H-listi	Húmanistaflokkurinn	Fálkagötu 21	107 Reykjavík
I-listi	Flokkur heimilanna	Dalbraut 1	105 Reykjavík
J-listi	Regnboginn, fyrir sjálfstæði Íslands og sjálfbæra þróun	Austurvegi 27	800 Selfoss
K-listi	Sturla Jónssonar	Tröllaborgum 7	112 Reykjavík
L-listi	Lýðræðisvaktin	Ölduslóð 38	220 Hafnarfjörður
M-listi	Landsbyggðarflokkurinn	Miðtúni 35	400 Ísafjarðarbær
R-listi	Alþýðufylkingin	Leifsgötu 22	101 Reykjavík
S-listi	Samfylkingin	Hallveigarstíg 1	101 Reykjavík
T-listi	Dögun – stjórn málasamtök um réttlæti, sanngirni og lýðræði	Grensásvegi 16a	108 Reykjavík
V-listi	Vinstrihreyfingin – grænt famboð	Suðurgötu 3	101 Reykjavík
P-listi	Píratar	Sigtúni 59	105 Reykjavík